

Saga



Klaustursaga

Viðey byggðist skömmu eftir landnám en lítið er til af rituðum heimildum um eyjuna fyrstu aldirnar. Árið 1225 stofnaði Þorvaldur Gissurarson klaustur í Viðey með aðstoð Snorra Sturlusonar. Var þetta fyrsta klaustrið í Sunnlendingafjórðungi og óx það að efnum. Það varð næst ríkasta klaustur landsins og átti 116 jarðir þegar mest var. Klaustrið leið undir lok með sögulegum hætti þegar menn Danakonungs rændu það árið 1539 í aðdraganda siðaskiptanna. Næstu 200 árin var Viðey hjáleiga frá Bessastöðum og var þar meðal annars þurfamannahæli.

Skúli Magnússon

Skúli Magnússon var fyrsti íslenski landfógetinn og var hann í hálfa öld valdamesti maður landsins. Viðeyjarstofa var reist sem embættismannabústaður hans og lauk smíði hennar árið 1755. Spor Skúla liggja ekki aðeins í Viðey, því hann hefur verið nefndur faðir Reykjavíkur. Hann var helsti hvatamaðurinn að stofnun Innréttinganna, fyrsta vísis að iðnaði á Íslandi. Skúli valdi Innréttingunum stað í Reykjavík og var það upphaf þéttbýlis á svæðinu. Skúli andaðist í Viðey árið 1794 og talið er að hann hvíli að kórbaki Viðeyjarkirkju sem hann lét reisa tuttugu árum áður en hann lést.

Viðeyjarstofa og Viðeyjarkirkja

Viðeyjarstofa er eitt elsta hús landsins og fyrsta steinhúsið sem reist var á Íslandi. Var hún byggð á árunum 1752–1755 sem embættisbústaður Skúla Magnússonar nýskipaðs landfógeta. Kostaði Danakonungur framkvæmdina og hirðarkitekt hans, Nicolai Eigtved, teiknaði húsið í rókókóstíl. Stofan var bústaður valdamestu manna landsins um margra áratuga skeið. Má þar

m.a nefna Ólaf Stephensen, fyrsta íslenska stiftamtamanninn og son hans Magnús Stephensen konferensráð og dómstjóra. Skúli Magnússon lét reisa Viðeyjarkirkju og var hún vígð árið 1774. Viðeyjarkirkja er næst elsta kirkja landsins á eftir Hóladómkirkju. Innréttingar Viðeyjarkirkju eru upprunalegar og þær elstu á landinu. Kirkjan er mikið notuð fyrir ýmsar athafnir, sérstaklega á sumrin. Vestan við kirkjuna er lítill kirkjugarður þar sem hvílir meðal annars fólk af Stephensenættinni, íbúar úr þorpinu, Gunnar Gunnarsson skáld, Franzisca kona hans og nokkrir afkomendur þeirra.

20.öldin

Árið 1901 hófu Eggert Briem og kona hans Katrín Pétursdóttir stórbúskap í Viðey. Reistu þau 48 kúa fjós norðvestan Viðeyjarstofu og var það hið fullkonnasta á landinu á þeim tíma. Seldi búið árlega um 200 þúsund lítra af mjólk til Reykjavíkur.

Árið 1907 var útgerðarfyrirtækið P. J Thorsteinsson & Co. stofnað og átti hlutafé þess að vera ein milljón króna, sem þá var gríðarleg upphæð. Kallaðist félagið því Milljónafélagið. Helstu stofnendur þess voru Pétur J. Thorsteinsson og Thor Jensen. Miðstöð félagsins var á austur-enda Viðeyjar og á skömmum tíma myndaðist þar reisulegt þorp með fjölda íbúðar-og fisk-ferkunarhúsa. Þar var einnig besta höfnin við Faxaflóa. Milljónafélagið varð gjaldþrota árið 1914 en fiskverkun var áfram á Sundabakka. Árið 1924 gerði Kárafélagið eyjuna að útgerðarstöð sinni. Þá fjölgaði þorpsbúum og urðu þeir flestir 138 talsins árið 1930. Ári síðar lagði félagið upp laupana. Eftir það tók íbúum þorpsins að fækka og árið 1943 fór það í eyði. Búskapur var stundaður í Viðey fram á sjötta áratuginn en þá lagðist búseta af í eyjunni. Árið 1968 var Þjóðminjasafninu falin umsjón með Viðeyjarstofu og kirkjunni, en þá voru húsin orðin illa farin. Íslenska ríkið gaf Reykjavíkurborg húsin árið 1986 og lauk endurbótum á þeim árið 1988.

Fornleifar

Í tilefni af 200 ára afmæli Reykjavíkurborgar árið 1986 fékk borgin Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju að gjöf frá ríkinu. Við endurgerð Viðeyjarstofu var byggt stórt jarðhýsi við húsið norðanvert. Vegna þeirra framkvæmda hófst fornleifarannsókn á bæjarhólnum árið 1986. Í fyrstu var um björgunaruppgröft að ræða á um 400 fermetra svæði, en árið 1989 var rannsóknarsvæðið stækkað til norðurs um 600 fermetra og rannsóknaruppgröftur hafinn. Fornleifauppgröfturinn var gerður á vegum Árbæjarsafns og stóð til ársins 1995.

Fyrstu ritheimildir um byggð í Viðey eru frá 12. öld, þegar Þorlákur helgi Þórhallsson (1133–1193) var fenginn til að bregðast við músagangi í eyinni. „Hann vígði vatn og stökkti yfir eyna — utan um eitt nes“. Á þeim tíma var komin kirkja í Viðey. Árið 1225 stofnaði Þorvaldur Gissurarson, með stuðningi Snorra Sturlusonar, klaustur í Viðey af reglu heilags Ágústínusar. Viðeyjarklaustur var starfrækt til ársins 1539, en þá var það rænt af mönnum Danakonungs, munkarnir reknir á brott og Viðey lýst eign konungs.

Eftir að klaustrið var lagt niður var í Viðey rekið bú og „hospital” sem var einskonar vistheimili fyrir farlana fólk. Hospitalið var síðan flutt til Gufuness, þegar Skúli Magnússon landfógeti settist að í Viðey árið 1751.

Uppgröfturinn í Viðey var einn sá viðamesti sem farið hafði fram á Íslandi á sínum tíma og sá fyrsti sem gerður var á klausturstað. Hluti af kirkju, kirkjugarði og klausturhúsunum voru rannsökuð. Klausturhúsin sem grafin voru upp norðan Viðeyjarstofu voru tvö langhús, beggja vegna ganga. Vestan ganganna var stofa með stórum ofni. Austan þeirra var um 20 metra langur skáli. Austur af honum var svo búr sem geymdi nokkur stór keröld og tunnur. Að baki búrsins var lítil ónstofa með hlöðnum ofni, ásamt fleiri bakhúsum. Jarðsjármælingar hafa sýnt að framan við Viðeyjarstofu og -kirkju hafa verið byggingar, sem voru hluti af klausturhúsunum. Í elstu jarðlögunum komu í ljós leifar bæjar frá 10. öld. Í honum var langeldur, um þriggja metra langur.

Við fornleifarannsóknina fundust um 20.000 gripir, margir athyglisverðir. Mannvistarlög í bæjarhól Viðeyjar eru 2–3 metra þykk og sýna að þar hefur verið byggð allt frá 10. öld fram til 20. aldar. Stór svæði á bæjarhólnum eru enn ókönnuð og munu rannsóknir í framtíðinni skýra enn betur uppbyggingu húsakosts og lifnaðarhætti Viðeyinga.